

## Frágangur og flutningur á líki með COVID-19 á Íslandi

Tryggja þarf öruggan frágang og flutning á líki einstaklings sem látist hefur úr COVID-19 til að koma í veg fyrir dreifingu veirunnar. Veiran er talin helst smitast með snertismiti eftir andlát en ef líkamsvessar ýrast frá líki við flutning er dropasmit hugsanlegt. Í raun er verklag skv. [verklagsreglum sóttvarnalæknis um flutning og meðferð líka](#) með smitandi sjúkdóm en hér er farið í nánari smáatriðum yfir það verklag og gert ráð fyrir að um útbreiddan faraldur sé að ræða en þá er aðkallandi að lík safnist ekki upp í líkhúsum.

**Andlát í heimahúsi/utan sjúkrastofnana:** Hugsanlegt er talið að einstaklingur með COVID-19 látist í heimahúsi á Íslandi þó líklegra þykir að sjúklingur hafi dvalið á sjúkrahúsi ef andlát verður. Ef grunur vaknar um smitnæman sjúkdóm við aðkomu viðbragðsaðila vegna andláts í heimahúsi er bent á [verklagsreglur sóttvarnalæknis um flutning og meðferð líka](#).

- Hreinsið hendur áður en hlífðarbúnaður er settur upp.
- Viðbragðsaðilar skulu nota hlífðargalla eða hlífðarslopp, skurðstofugrímu og hanska ef þeir þurfa að snerta líkið.
- Ef aðstæður eru þannig að líkamsvessar geti ýrst frá líki er rétt að nota hlífðargleraugu eða andlitshlíf í miklu návígi við líkið.
- Líkið þarf að setja í vatnsheldan líkpoka til flutnings í líkhús/til útfararþjónustu.
- Gætið þess að óhreinn hlífðarbúnaður komi ekki við hreinan fatnað eða búnað þegar farið er úr honum. Setjið notaðan hlífðarfatnað í plastpoka/poka fyrir sóttmengaðan úrgang ef hann er í boði. Hreinsið berar hendur áður en farið er í nýja hanska til að loka plastpokanum með notuðum hlífðarbúnaði.

### Andlát á sjúkrastofnun

Starfsfólk sem sér um frágang og undirbúning flutnings á líki með COVID-19 smit skal kynna sér þessar leiðbeiningar ef stofnun hefur ekki eigin leiðbeiningar.

### Yfirvofandi andlát

Mikilvægt er að undirbúa aðstandendur fyrir yfirvofandi andlát og ræða eftirfarandi mál:

1. Ræða þarf um bálför og athöfn yfir duftkeri eða hefðbundna jarðsetningu ef bálför kemur ekki til greina (t.d. ef sjúklingur er með gangráð eða aðstandendur alfarið á móti því). Æskilegt er að útför fari fram sem fyrst en hugsanlega þarf að brenna lík og geyma duftker þar til útför getur farið fram.

Fá upplýsingar um útfararstofu sem annast útförina. Hafa samband og fá senda líkkistu og líkpoka (athugið að velja þarf líkpoka m.t.t. þess hvort lík verður brennt eða ekki).

### Frágangur líks með COVID-19 smit

- Hefðbundinn umbúnaður og þvottur líks **er leyfilegur** með notkun hlífðarbúnaðar (gríma, hanskar, sloppur, mögulega andlitshlíf og svunta ef líkamsvessar leka frá líkinu).
- Íhluti s.s. nálar, miðbláæðalegg, þvaglegg og þ.h. **má fjarlægja** en búa þarf um sár svo ekki leki frá þeim.
- Setja skal stóra lokaða bleiu á líkið.

- Líkið er sett í **vatnsheldan líkpoka** í herberginu. Athugið að nota viðeigandi poka sem má brenna lokaða ef bálför er fyrirhuguð.
- **Gætið vel að handhreinsun og skiptið um hanska ef þeir mengast sýnilega áður en verki er lokið.**
- Farið er úr hlífðarbúnaði og honum komið fyrir í poka fyrir sóttmengaðan úrgang. Handhreinsun á að framkvæma áður en herbergi er yfirgefið.
- Flytja má líkið í líkpoka á börum/vagni í líkhús sjúkrahússins þar til útfararþjónusta kemur með líkkistu.

Æskilegt er að merkja líkpoka með viðvörun um smitgát og að nota þurfi hlífðarbúnað ef opna þarf pokann og koma við innra byrðið eða líkið sjálft.

### Flutningur líks með COVID-19 á útfararstofu/í kirkjugarð

- Hafa skal samband við útfararstofuna sem aðstandendur völdu sem fyrst og biðja um flutning á líkinu.
- Líkið er flutt og brennt eða sett í kæli og jarðsett sem fyrst.

### Fyrir útfararstofu:

- Líkamsvessar úr líkinu eru taldir smitandi.
- Lík í líkpoka má geyma í kæli þar til útför getur farið fram. Rétt er að poki sé merktur m.t.t. smitgátar.
- **Ekki má smyrja** lík einstaklings sem látist hefur úr COVID-19.
- Líkið má snyrta/farða en líksnyrtir skal bera **hlífðarbúnað** (skurðstofugrímu, hanska, hlífðarslopp) við verkið og gæta að handhreinsun fyrir og eftir. **Notið einnota áhöld (svampa, burstu).**
- **Kista má vera opin í kistulagningu en ekki má snerta líkið.** Rými fyrir kistulagningu þarf ekki að þrifa sérstaklega fyrir næstu athöfn nema eitthvað óvænt komi upp, s.s. leki líkamsvessa frá opnum líkpoka.
- Mælt er með brennslu líksins en ef útför getur farið fram fljótlega kemur hefðbundin greftrun til greina.
- Ef útför getur ekki farið fram innan fárra daga frá andláti er mælt með að brenna lík og geyma duftker þar til athöfn getur farið fram, frekar en að geyma lík til lengdar í kæli.

### Heimildir

- [Reglugerð um meðferð og flutning líka](#)
- [Verklagsreglur sóttvarnalæknis um flutning og meðferð líka](#)

Byggir á leiðbeiningum um flutning líka með smitandi sjúkdóma frá sýkingavarnardeild LSH, uppfært 2019 og [leiðbeiningum sóttvarnaryfirvalda í Hong Kong](#) um flutning líka m.t.t. smitandi sjúkdóma s.s. SARS.

Sóttvarnalæknir